

## Framkvæmdir í kirkjugarði

Árið 2019 seldi Kirkjugarðurinn húsnæði við Kalmansvelli fyrir rúmar 19 mkr. sem fóru til malbikunar og stækkunar garðsins.

### Lýsingarmál:

Nýr staur – ljósakróna – kapallinn – vinna, alls um 300 þús. m/vsk., þ.e. um 1,8 mkr. fyrir 6 staura í syðsta hluta garðsins, en um 1,2 mkr. fyrir 4 staura í nýjasta hluta garðsins.

Um er að ræða 5 metra staura, þar sem 1 metri er neðanjarðar en 4 metrar ofan jarðar. Ljósakrónan er fyrir Led ljós.

Gröftur fyrir 300 metra af kapli og uppsetning 6 staura, 1,686 mkr. m/vsk, en tilsvarendi fyrir 200 metra og 4 staura 1,124 mkr. m/vsk.

Nýja ljósakrónu fyrir Led ljós þarf á 9 gamla staura þar sem gömlu perurnar eru ekki lengur framleiddar. Heildarkostnaður með uppsetningu um 0,8 mkr. m/vsk.

Heildarkostnaður 6,610 mkr. m/vsk, skv. Rafstöðinni ehf og BÓB ehf.

### Malbikun og girðingarefni:

334 fermetrar akreina eru ómalbikaðar. Þar þarf jarðvegsskipti og bæta frárennsli. Kirkjugarðasjóður hefur samþykkt 1,8 mkr. styrk á þessu ári sem dugar fyrir jarðvegsskiptum en varla frárennslisendurbótum. Ekki fæst meira þaðan. Tilboð í malbikun frá tveimur aðilum var um 2,8 mkr.

Árið 2019 keypti kirkjugarðurinn 102 metra af girðingarefni til að ljúka við girðingu umhverfis garðinn. Kostnaður var 0,833 mkr. kr. Vegna ókunnugleika var ekki leitað til Akraneskaupstaðar um greiðslu þessa reiknings eins og samningur Sambands ísl. sveitarfélaga og Kirkjugarðaráðs frá 1. júlí 2015 segir til um.

Heildarkostnaður malbikunar og girðingarefnis 3,633 mkr.